

Reglur fjarprófsþjónustu hjá Símenntun á Vesturlandi

Athugið að eftirfarandi reglur eru sveigjanlegar og eru fyrst og fremst hugsaðar sem viðmið fyrir starfshætti Símenntunar. Menntastofnanir eru hvattar til að líta á þessar reglur sem leiðbeiningar fyrir notkun fjarprófsþjónustu okkar.

1. Umsókn um fjarpróf

Menntastofnanir skulu hafa beint samband við Símenntun á Vesturlandi til að panta próftöku fyrir sína nemendur. Nemendur geta ávallt leitað upplýsinga um þjónustuna, en ekki pantað próf á eigin vegum.

2. Upplýsingaöflun og samskipti

Menntastofnanir bera ábyrgð á að veita Símenntun allar nákvæmar upplýsingar um prófið, svo sem dagsetningu, tíma, staðsetningu, nafn nemanda, kennitölu og prófreglur.

3. Fyrirfram skipulagning

Menntastofnanir eru hvattar til að tilkynna verkefnastjóra fjarprófa um **fyrirhugaða próftöku strax í upphafi annar**, þrátt fyrir að t.d., nöfn nemanda og nánari tímasetning komi síðar.

4. Tilkynning um próf

Menntastofnanir skulu tilkynna Símenntun um fyrirhugað próf með **a.m.k. þriggja vikna** fyrirvara ef ekki var tilkynnt um það við upphaf annar.

5. Skammtímaumsóknir

Ef menntastofnun óskar eftir próftöku innan tveggja vikna (eða jafnvel deginum áður), mun Símenntun leitast við að verða við beiðninni. Hins vegar er ekki ávallt hægt að tryggja að aðstaða sé laus eða að prófvörður sé tiltækur.

6. Tímarammi prófa

Símenntun veitir fjarprófsþjónustu á virkum dögum milli **kl. 09:00 og 17:00**.

Ef menntastofnanir óska eftir próftöku eftir kl. 17:00, þurfa þær að hafa sérstaklega samband við verkefnastjóra fjarprófa vegna þess. Athugið að eftirfarandi regla á einungis við í þeim tilfellum ef óskað er eftir því að próf hefjist kl. 17:00 eða klárast eftir kl. 17:00.

7. Gjaldskilmálar

Töku fjarprófa fylgir umsýslu- og þjónustugjald samkvæmt gjaldskrá Símenntunar.

Símenntun áskilur sér rétt til að breyta gjaldskrá án fyrirvara.

Frá og með haustönn 2025 er gjaldskrá Símenntunar **5.000 kr fyrir öll próf**.

8. Greiðsluábyrgð

Menntastofnanir bera ábyrgð á að upplýsa nemendur hvort þær sjái um greiðslu prófgjalds eða hvort nemendur eigi að greiða sjálfir.

9. Skyldur menntastofnana

Ef menntastofnun gleymir að tilkynna um forföll prófa, sendir rangt próf, gefur upp rangar tímasetningar, ber henni að greiða **fullt prófgjald** til Símenntunar. Ef nemandi forfallast ber Símenntun kostnað vegna vinnu verktaka.

10. Forfallagjald

Símenntun hefur ekki innheimt forfallagjald hingað til.